

## FUNDARGERÐ STJÓRNAR

406. fundur

Stjórnarfundur SORPU bs. (kt. 510588-1189) í Borgarnesi 12.04.2019, kl.08:30.

Fundarstjóri: Birkir Jón Jónsson stjórnarformaður

Mættir:

Birkir Jón Jónsson, Líf Magneudóttir, Ágúst Bjarni Garðarsson, Bjarni Torfi Álfþórsson, Jóna Sæmundsdóttir og Kolbrún Þorsteinsdóttir. Björn H. Halldórsson framkvæmdastjóri, Bjarni Hjarðar yfirverkfræðingur og Guðrún Eva Jóhannesdóttir skrifstofustjóri.

Tekið fyrir:

**1. Stækkun móttökustöðvar – útboð og fjármögnun**

Framkvæmdastjóri fór yfir og kynnir minnisblað um málið. Málið rætt. Stjórn felur framkvæmdastjóra að hafna lágsta tilboði vegna annmarka. Stjórn felur framkvæmdastjóra að semja við næstbjóðanda Alefli og jafnframt að ræða við Íslandsbanka um fjármögnun.

**2. Staða förgunarmála á höfuðborgarsvæðinu**

Framkvæmdastjóri leggur fram minnisblað um stöðu förgunarmála á höfuðborgarsvæðinu. Málið rætt.

**3. Samráðsnefnd sorpsamlaganna á Suðvesturlandi**

Framkvæmdastjóri leggur fram fundargerð samráðsnefndar sorpsamlaganna á Suðvesturlandi frá 18. mars 2019. Málið rætt. Stjórn telur ekki ástæðu til að breyta núverandi samkomulagi.

**4. Staðsetning endurvinnslustöðva**

Rekstrarstjóri endurvinnslustöðva kynnir skýrslu VSÓ um hentug staðarvöl stöðva til framtíðar. Málið rætt

**5. Efnismiðlun Góða hirðisins**

Lagt fram minnisblað rekstrarstjóra endurvinnslustöðvanna um málefnið en efnismiðlunin hefur nú verið rekin í tæplega ár. Málið rætt. Stjórn samþykkir að halda verkefninu áfram.

**6. Ráðning stöðvarstjóra móttöku- og flokkunarstöðvar**

Framkvæmdastjóri kynnir að Ástþór Ingi Ingvarsson hafi verið ráðinn stöðvarstjóri móttöku – og flokkunarstöðvar SORPU bs. í Gufunes eftir venjulegt ráðningarferli. Ástþór Ingvi mun hefja störf þann 1. júlí nk. um leið og núverandi stöðvarstjóri lætur af störfum. Stjórn býður nýjan stöðvarstjóra velkominn til starfa.

**7. Fulltrúi á aðalfundi Metan ehf.**

Aðalfundur Metan ehf. hefur verið boðaður mánudaginn 29. apríl nk. kl. 16:00. Stjórn felur formanni að fara með umboð stjórnar SORPU bs. á aðalfundi Metan ehf.

**Næsti fundur**

Næsti fundur ákveðinn þann 29. apríl kl. 12:00.

Fleira ekki tekið fyrir. Fundi slitið klukkan: 10:18

Fundarritari: Guðrún Eva Jóhannesdóttir